

REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 236/2009
um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.**

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. þó 2. mgr. og 2. og 9. gr.“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: sbr. þó 2. mgr., 3. mgr. og 2. og 9. gr.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í lyfjaflokknum M05B, þ.e. lyf, sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun. Hagkvæmustu pakkningar eru metnar út frá verði á ráðlöögðum dagskammti í pakkningu og þær pakkningar E-merktar sem víkja ekki meir en 20% frá ódýrasta dagskammti. Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í lyfjaflokki M05B en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini, sbr. 1. tölul. 11. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr., og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. nóvember 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lyfjaávísanir á þau lyf sem fá breytta greiðsluþáttöku samkvæmt 2. gr. og gefnar eru út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, halda óbreytttri greiðsluþáttöku til allt að 1. febrúar 2010.

Heilbrigðisráðuneytinu, 12. október 2009.

Álfheiður Ingadóttir.

Vilborg P. Hauksdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2009